

Heimilisfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- öðlist þekkingu á því hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar
- þekki algeng eldhúshöld og viti hvers vegna þau eru notuð
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar
- fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- geti unnið í samvinnu við aðra
- geti gengið frá eftir sig á sínum vinnustað
- þekki fæðuflokkana og algengar mjólkurvörur.
- þekki mjólkurumbúðir og geti lesið úr upplýsingum á umbúðum
- kynnist og bragði á þjóðlegum íslenskum mat (t.d. sviðum, slátri, hákarli, harðfiski)
- þekki orð og hugtök tengd matargerð fyrri tíma
- læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf
- þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum
- þekki hugtakið umhverfisvernd og geti nefnt nokkur dæmi um hvernig vernda má umhverfið
- viti hvernig flokka má úrgang (sorp) frá heimilum
- kynnist því hvaða störfum þarf að sinna á heimilum og hver ber ábyrgð á þeim
- temji sér að sýna kurteisi og virða skoðanir annarra

Námsefni

Heimilisfræði fyrir 3. bekk

Kennsluform

Hver kennslustund er 80 mínútur og verður nemendum skipt niður í hóp A og hóp B. Kennsla verður bæði verkleg og bókleg.

Námsmat

Í heimilisfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni og vinnubækur 40%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki lestrarhraða sinn og efli lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í að gera munnlega og skriflega grein fyrir efni sem þeir hafa lesið
- vinni fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- geti sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- þjálfist í að flytja texta, skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi
- svari spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- nái tókum á að draga rétt til stafs og noti skriftargerð sem kennd er
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum
- æfist í að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur
- þjálfist í að skrifa einfaldan texta eftir upplestri
- læri að fara eftir nokkrum stafsetningarreglum, t.d. að hafa bil á milli orða, hafa upphafsstafi á eftir punkti og ekki inni í orðum
- leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang
- skrái frásagnir um atburði úr eigin lífi
- fái tækifæri til að skrifa sendibréf
- læri nokkrar þekktar vísur og ljóð til munnlegs flutnings
- geri sér grein fyrir upphafi, miðju og endi í sögum
- þjálfist í að velja sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju
- kynnist verkum valinna íslenskra höfunda
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk og kynnist hugtökunum söguþráður og sögulok
- þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- geri sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og átti sig á fallbeygingu nafnorða
- átti sig á því hvernig orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum

Námsefni

Lestarbækur við hæfi hvers og eins

Skrift 3 og 4

Ritrún

Ás og Tvistur

Ljóðaheftið mitt

Sprelligosar (les- og vinnubók)

Kóngar í ríki sínu (les- og vinnubók)

Sprengjusérfræðingurinn (les- og vinnubók)

Krossgátuhefti

Ýmis verkefni valin af kennara

Kennsluform

Hópkennsla við sameiginlega ritun Nemendur vinna í vinnubókum og fá aðstoð kennara. Nemendur lesa hjá kennara. Samlestur. Framsögn og upplestur. Nemendur semja sögur og lesa upp..

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori sem og prófseinkunn í lestri, íslensku (málfræði og bókmenntum) og skrift. Gefin er skóla-og prófseinkunn í stafsetningu að vori.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- vinnubækur og verkefni 30%
- kannanir 30%

Skrift

- ástundun og vinnubrögð 25%
- skriftarbók 50%
- önnur verkefni 25%

Lestur

- skólalestur 50%
- heimalestur 50%

Stafsetning (einkunn gefin að vori)

- stafsetningaræfingar 100%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli hreyfi-, tilfinninga- og félagsþroska sinn í gegnum mismunandi leiki
- efli færni sína í gróf- og fínhreyfingum
- efli líkamsvitund sína
- efli styrk, þol og liðleika
- læri reglur leikja og fari eftir þeim
- læri að bera virðingu fyrir félögum sínum

Kennslugögn

Smærri áhöld eins og sippubönd, gjarðir, keilur, boltar, baunapokar og fleira.
Stærri áhöld eins og kubbar, kistur, kaðlar, dýnur og fleira.

Kennsluform

Kennt verður tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn, með áherslu á leiki, stöðvæðingun og hringþjálfun. Einstaklings- og hópakennsla.

Námsmat

Annareinkunn byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda.

Kristin-, sið- og trúarbragðafræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri um boðskap jóla og páskahátíðar
- kynnist frásögnum að ættfeðrunum Abraham, Ísak og Jakobi
- þekki bænina sem möguleika til að ná sambandi við Guð
- kynnist flestu sem tengist skírinni

Námsefni

Stjarnan

Efni tekið saman af kennara

Kennsluform

Umræður, vettvangsferðir, einstaklings- og hópavinna.

Námsmat

Gefin er skólæinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 50%
- vinnubækur og verkefni 50%

Myndmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- temji sér vandvirkni í vinnubrögðum
- blandi liti úr frumlitum með áherslu á litatóna
- geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif
- þekki grunnformin , frumlitina og verkun þeirra í umhverfinu
- þekki einfalda myndbyggingu
- vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs

Námsefni

Myndmennt I og II, fagbækur og efni af netinu

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, tilraunir, sköpun, sjálfstæð vinna og hópavinna.

Námsmat

Í myndmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

Náttúru- og samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- fái innsýn í sögu Íslands og þjóðhætti fyrr og nú
- geti raðað þekktum fyrirbærum í tímaröð
- þekki nokkra þekktu staði á Íslandi
- kynnist himingeimnum
- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi, frost, loft og vatn
- kynnist eðli og eiginleikum lofts
- átti sig á hvað einkennir lifandi verur og hvað þær þurfa til að lifa
- kynnist sólkerfinu okkar
- þekki uppbyggingu jarðarinnar
- kynnist einkennum ljóss á skipulegan hátt
- kynnist eiginleikum sólar og skugga
- átti sig á mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu m.t.t. hringrásar náttúrunnar
- þekki hringrás vatnsins
- vinni með einfalt rannsóknarferli og læri að skrá athuganir sínar og niðurstöður

Námsefni

Góða ferð

Komdu og skoðaðu himingeiminn

Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti

Komdu og skoðaðu bílinn

Kostuleg kort og gröf

Ýmsar handbækur, kort og myndbönd

Kennsluform

Umræður, vettvangsferðir, tilraunir, einstaklings- og hópavinna.

Námsmat

Í samfélags- og náttúrufræði er gefin skóláeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 25%
- vinnubækur og verkefni 25%
- hringekja (vinna og verkefni) 50%

Hönnun og smíði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það að verðleikum-
- efli sjálfsmynd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkur þátttakandi
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir við gerð smíðisgripa
- læri að beita einföldum hand við hæfi
- temji sér að umgangast verkfæri og tæki af varúð og nýti öryggisbúnað
- tileinki sér góðan frágang á efnum og áhöldum
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum

Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, eigin hugmyndir nemenda o.fl.

Kennsluform

Nemendur kynnast smíðastofunni, verkfærum, vélum og öryggisbúnaði, auk efnisins sem að öllu jöfnu er unnið með. Lögð er áhersla á að kynna nemendum þær hættur sem kunna að leynast í smíðastofunni og þeim kynnt rækilega hvaða áhöld og tæki þeir mega nota. Kynnt er notkun verkfæra við gerð mismunandi smíðisgripa, auk þess sem yfirborðsmeðferð og hvernig búa eigi muni undir hana, er kennd. Nemendur vinna a.m.k. þrjú skyldustykki; púsluspil, skopparakringlu, tening auk frjálsra viðfangsefna í samráði við kennara. Fram fer bæði einstaklings- og hópkenntla.

Námsmat

Í smíði er gefin skólaeinkunn í lok annar.

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- öðlist skilning á uppbyggingu tugakerfisins
- þjálfist í samlagningu og frádrætti með einingum, tugum og hundruðum
- þjálfist í að taka til láns í frádrætti
- öðlist skilning á margföldun sem endurtekinni samlagningu
- öðlist skilning á deilingu sem endurteknum frádrætti og jafnri skiptingu
- öðlist skilning á lausnarmengi
- þjálfist í mælingum, talnalínu, speglun og hugtökum tengdum tíma
- vinni með tölfræði þ.e. súlurit og meðaltal
- þjálfist í notkun vasareiknis
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferlið sitt fyrir öðrum m.a. með aðstoð hluta, myndrænna og/eða tölulegra skýringa
- vinni með tímareikninga og tímaáætlanir
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna, s.s. kubba, talnagrindur, skýringarmyndir, vasareikna, talnatákn og aðgerðarmerki
- þjálfist í að námunda tölur að næsta heila tug
- geti metið hvort er meira, helmingur eða þriðjungur, helmingur eða fjórðungur
- telji út hnit heilla talna á lárétta og lóðrétta talnalínu og teikni hluti inn í hnitakerfið
- geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum og setji upp í myndriti
- þjálfist í að lesa á tölvuklukku og klukku með skífu
- leggi mat á hvaða mælieiningar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti
- noti áþreifanlega hluti til að sýna háar tölur

Námsefni

Eining 5 og 6

Sproti 3a og 3b

Við stefnum á margföldun

Viltu reyna og Húrrahefti

Verkefni í vasareikni 3. hefti

Undirdjúpin

Kennsluform

Einstaklings- og hópkenndsla. Innlagnir á nýjum viðfangsefnum, munnlega og á töflu.

Nemendur vinna í vinnubókum. Heimadæmi.

Námsmat

Í stærðfræði er gefin skóla- og prófseinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- vinnubækur og verkefni 20%
- kannanir 30%
- hringekja (vinna og verkefni) 10%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar-taki þátt í ólíkum sundaðferðum sem krefjast hlustunar, takts, samhæfingar og samvinnu
- nái tökum á fjölbreyttum æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra
- taki þátt í umræðu um björgunarbætti og læri að bregðast rétt við óhappi
- taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni og búa til nýja leiki í vatni
- læri að fara eftir fyrirmælum, reglum og beri virðingu hver fyrir öðrum
- þjálfist með sér og öðlist jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni
- taki þátt í samvinnuverkefnum í leik
- tileinki sér heinlæti fyrir og eftir sund og bað- og umgengnisreglur
- taki þátt í æfingum og leikjum sem ná til andstæðna s.s. hratt-hægt, stór-lítill
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum úr íþróttasal yfir á sundstað
- læri að umgangast sundstað á öruggan hátt

Kennslugögn

Kútar, sundflár, sundfit, dót til að kafa eftir, stórir hringir, boltar og fleira.

Kennsluform

Kennt verður einu sinni í viku í 40 mínútur. Bein kennsla, kennari sýnir, nemendur æfa, kennari leiðbeinir og nemendur endurtaka. Einnig verður lögð áhersla á leik. Einstaklings- og hópakennsla.

Námsmat

Annareinkunn er gefin í bókstöfum og byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda. Í lok skólaárs er svo gefið lokið eða ólokið fyrir sundstig.

Námsþættir 3. sundstigs

- 12 metra bringusund
- 12 metra skólabaksund, með eða án hjálpartækja
- 8 metra skriðsundsfótatök, andlit í kafi og armar teygðir fram
- 6 metra baksund, með eða án hjálpartækja.
- Kafa eftir hlut á 1-1,5 metra dýpi

Textílmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemandi

- þekki frumlitina
- teikni eftir fyrirmælum og búi til einfalt snið
- fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við sníðavinnu
- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- noti útsaum til skreytingar
- fari yfir helstu hluti saumavélar
- saumi einfaldar línur á saumavél
- læri undirstöður í garðapryjóni
- tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar (útsaumur, vélsaumur, prón, hekl o.s.frv.)

Námsefni

Á prjónunum eftir Unni Breiðfjörð.

Ýmis konar efni til vélsaums, mismunandi garn, ullarkembur og fleira.

Kennsluform

Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Að öðru leiti er kennslan einstaklingskennsla.

Námsmat

Í textílmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Tónmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- þjálfist í form- og taktskyni
- flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- geti greint á milli algengustu hljóðfæratagunda, .s.s blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón.
- kynnist verkum íslenskra og erlendra tónskálda, með sérstakri áherslu á W.A. Mozart og tónverk hans.
- Hlusti og fræðist um tónlist frá ýmsum löndum.

Námsefni

Byggt er á efni úr Tónmennt, 2. og 3. hefti, auk ítarefnis frá kennara.

Kennsluform

Unnið er með víðtækari viðfangsefni í söng en áður, m.a. söng á erlendum tungumálum. Nemendur noti söngheiti og handamerki og geri sér grein fyrir laglínustefnu og tónhæð. Sungnir keðjusöngvar og létt tvíröddun.

Nemendur þjálfast í hrynhaitunum með klappi, stappi, hljóðfæraleik, hreyfingu og leik. Laghrynur klappaður, sunginn á hrynhaitum og leikin á hljóðfæri.

Valin innlend og erlend lög. Áhersla á hreinan söng. Einbeiting þjálfuð.

Ýmsir hreyfileikir út frá sönglögum, hlustun og formi.

Námsmat

Umsögn í formi skólaeinkunnar að vori.